



Fagráð Reykjavíkurborgar

Ofbeldi meðal ungmenna

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 10. nóvember 2022, fór fram umræða um ofbeldis meðal ungmenna, sbr. 7. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs saman dag.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lýsir yfir áhyggjum af aukinni ofbeldismenningu á meðal ungmenna og ekki síst auknum vopnaburði ungmenna eins og fréttir síðustu missera bera með sér. Ekkert ungmenni á að þurfa að verða fyrir ofbeldi. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð telur mikilvægt að öll svið og stofnanir borgarinnar kanni ítarlega með hvaða hætti viðkomandi svið eða stofnun hefur snertiflöt við aukna ofbeldismenningu meðal ungmenna og til hvaða úrræði mætta grípa í því samhengi. Ályktun þessi skal send fagráðum borgarinnar.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þeir sem umgangast börn og ungmenni í leik og starfi skynja að það eru ýmis vandamál sem hrjá ungt fólk. Þetta staðfesta ýmsar rannsóknir og skýrslur. Ekkert okkar hefur farið varhluta af fréttum um ofbeldi meðal ungmenna og einelti. Flokkur fólksins hefur af þessu miklar áhyggjur og þess vegna lagði Flokkur fólksins það til í borgarstjórn að settur verði á laggirnar stýrihópur sem kortleggur aukinn vopnaburð eggvopna meðal ungmenna í Reykjavík. Einnig meta viðbrögð borgarinnar sem lýtur að forvörnum. Mikilvægt er að fá upp á borðið hugmyndir að fjölbreyttum aðgerðum sem hafa það að markmiði að ná til barnanna, foreldra og annarra sem tengjast börnum í starfi þeirra. Kalla þarf eftir félagslegri umræðu og skerpa á ábyrgð foreldra, skólasamfélagsins og íþrótta og tólmstunda hreyfinga. Allir aðilar þurfa að taka ábyrgð og koma að fræðslu og forvörnum. Við þurfum að ræða hver er aðkoma samfélagsmiðla að þessari þróun en allt of stór hópur barna er á samfélagsmiðlum sem hafa ekki aldur til þess. Fyrst og fremst verðum við að eiga samtál um þessa þróun og hlusta og bregðast við. Stoppa þarf þessa þróun með öllum ráðum og dáð.

Bókun mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs er send fagráðum Reykjavíkurborgar til upplýsingar.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa